

Lög

**um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum
(uppbætur á lífeyri undanþegnar skattlagningu).**

1. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Uppbætur á lífeyri vegna framfærslubyrðar skv. 1. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, og uppbót vegna reksturs bifreiðar skv. 2. mgr. 10. gr. sömu laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2019.

Samþykkt á Alþingi 7. desember 2018.